

Raddir,
samtök um vandaðan upplestur og framsögn

Hafnarfirði, 1. september 2014

Til formanna fræðsluráða/skólanefnda um land allt

Stóra upplestrarkeppnin

Þar sem ný fræðsluráð/skólanefndir taka nú til starfa um allt land þótti við hæfi að gera grein fyrir landsverkefni í upplestri sem staðið hefur í 18 ár í 7. bekkjum grunnskólanna og óska eftir áframhaldandi góðu samstarfi. Verkefnið er ávallt sett formlega af stað á degi íslenskrar tungu þ. 16. nóvember en þá liggja fyrir skráningar sem fara fram á heimasíðu Radda en umsjónarmenn í hverju héraði eru mjög mikilvægir tenglar milli skóla og stjórnar Radda allan veturinn.

Verkefnið skiptist í tvo hluta, ræktunarhluta sem stendur til loka febrúar og svo hátíðarhluta sem stendur allan marsmánuð. Við hvetjum alla sem sitja í fræðsluráðum/skólanefndum til að fylgjast með verkefninu og mæta til hátíðanna en þar stíga fram fulltrúar skólanna og lesa texta og ljóð af listfengi. Það er óhætt að segja að þetta eru glæsilegar menningarhátíðir í hverju héraði og eru þær ávallt 30-32 og víðast kallaðar „vorboði“.

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar tók við umsjón með Stóru upplestrarkeppninni haustið 2008.

Heimasíðan <http://upplestur.hafnarfjordur.is> er vistuð á vef Hafnarfjarðar og þar er nú unnt að sækja allar upplýsingar og senda inn fyrirspurnir og athugasemdir á netfangið upplestur@hafnarfjordur.is

Stóra upplestrarkeppnin á marga velunnara og má þar nefna mennta- og menningarmálaráðuneytið, Sumargjöf, Íslandsbanka, Félag ísl. bókaútgefenda, Mjólkursamsöluna, Flugfélag Íslands o.fl en styrkur Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar er ómetanlegur.

Á heimasíðu verkefnisins má að auki finna upplýsingar um nýlegt þróunarverkefni sem er í anda Stóru upplestrarkeppninnar og hefur hlotið nafnið Litla upplestrarkeppnin. Verkefnið er fyrir nemendur í 4. bekk og gengur alveg einstaklega vel og mörg bæjarfélög hafa fylgt í kjölfar Hafnarfjarðar og skráð sig til þessa nýja verkefnis. Sjá nánar í skýrslum á heimasíðunni. Skólar geta óskað eftir kynningu á verkefninu á netfangið ingibje@hafnarfjordur.is

Ef spurningar vakna eða ef þið óskið eftir að styrkja verkefnið sérstaklega má senda línu á netfangið upplestur@hafnarfjordur.is eða hafa samband við undirritaða.

Með bestu kveðju,
fyrir hönd Radda, samtaka um vandaðan upplestur og framsögn
Ingibjörg Einarsdóttir, (ingibje@hafnarfjordur.is)
formaður

